

## Breyting á reglugerð um veiðar á sæbjúgum

**Frá :** Sigurgeir Þorgeirsson  
 <sigurgeir.thorgeirsson@anr.is>

fim., 21. jún., 2018 11:19

1 viðhengi

**Efni :** Breyting á reglugerð um veiðar á sæbjúgum

**Til :** sigurdur gudjonsson  
 <sigurdur.gudjonsson@hafogvatn.is>, gudmundur  
 thordarson  
 <gudmundur.thordarson@hafogvatn.is>,  
 fiskistofa@fiskistofa.is, arc@simnet.is, fisk@fish.is,  
 emel@simnet.is, hsver@simnet.is,  
 eymare@simnet.is, arc@simnet.is

Góðan dag.

Í ráðuneytinu er unnið að breytingu á reglugerð um sæbjúgnaveiðar sem felst aðallega í að opna fyrir möguleika á að veita tilraunaveiðileyfi á nýjum svæðum.

Drög að reglugerðinni eru í viðhengi og fyrirhugaðar breytingar með rauðu letri.

Veittur er frestur til að gefa umsagnir um reglugerðardrögin til föstudagsins 29. Júní nk.

Umsagnir sendist til Jóhanns Guðmundssonar, skrifstofustjóra, tölvupóstfang

[johann.gudmundsson@anr.is](mailto:johann.gudmundsson@anr.is).


Fyrir hönd ráðherra,



**Sigurgeir Þorgeirsson, ráðgjafi**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation  
 Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland  
 Sími / Tel: (+354) 545 9700

[www.anr.is](http://www.anr.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**Sæbjúgu-reglug-drög-12.06.18.docx**  
 17 KB

# Reglugerð um veiðar á sæbjúgum.

## 1. gr.

### Almennt um veiðar á sæbjúgum

Allar veiðar á sæbjúgum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi samkvæmt 2. og 3. gr. Það er almennt skilyrði fyrir útgáfu leyfa til sæbjúgnaveiða er að skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni. Með leyfisumsókn skal fylgja samningur um vinnslu á sæbjúgum í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá Matvælastofnun að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá Matvælastofnun.

Við veiðar á sæbjúgum skal plógstærð ekki fara yfir 2,5 m og lágmarksmóskvastærð netpoka skal vera 100 mm.

## 2. gr.

### Leyfi á skilgreindum veiðisvæðum

Veiðar á sæbjúgum á skilgreindum veiðisvæðum skv. 4. gr. eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Einungis skulu gefin út níu veiðileyfi á skilgreindum veiðisvæðum. Leyfi til sæbjúgnaveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til sæbjúgnaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Veiðileyfum skal úthluta til skipa sem stundað hafa veiðar á sæbjúgum á síðustu þremur fiskveiðiárum.

Ef færri en níu aðilar hafa stundað veiðarnar, sbr. 1. gr., þá skal hlutkesti ráða hverjir fá úthlutað þeim leyfum sem ekki verður úthlutað á grundvelli 1. mgr.

Fiskistofa skal auglysa eftir umsóknum um leyfi til sæbjúgnaveiða fyrir 1. ágúst ár hvert og skal umsóknarfrestur vera 2 vikur.

Þegar sæbjúgnaleyfum sem til ráðstófunar eru hefur ekki verið úthlutað við upphaf fiskveiðiárs skal afstaða tekin til umsókna eftir því sem þær berast Fiskistofu. Berist tvær eða fleiri umsóknir sama dag skal byggja á veiðireynslu við úthlutun leyfa.

Krókaflamarksbátum sem fá leyfi til veiða á sæbjúgum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða sæbjúgu með plób, sbr. 7. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

EKKI er heimilt í einni og sömu veiðiferð að veiða innan skilgreinds veiðisvæðis og utan þess.

## 3. gr. Leyfi utan skilgreindra veiðisvæða

Ráðuneytinu er heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á sæbjúgum utan veiðisvæða sem skilgreind eru 4. gr. í samræmi við 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í umsókn um tilraunaveiðar skal umsækjandi tilgreina meðal annars heiti báts, veiðitímabil og afmarka veiðisvæði með hnitud. Leyfi til tilraunaveiða eru veitt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, þar sem meðal annars er lagt mat á áhrif veiða á lífríki umrædds veiðisvæðis.

Heimilt er að binda leyfi til tilraunaveiða tilteknum skilyrðum, svo sem um stærð veiðisvæðis, fjölda leyfa á tilteknu veiði- eða hafsvæði, eftirlit Hafrannsóknastofnunar með veiðunum, myndavélaeftirlit, gerð plógs, greiningu afla og skýrsluskil til Hafrannsóknastofnunar.

Tilraunaveiðisvæði skal jafnframt uppfylla skilyrði Matvælastofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili.

## 4. gr.

### Skilgreind veiðisvæði sæbjúgna

Skilgreind veiðisvæði sæbjúgna eru eftirfarandi, enda uppfylli veiðisvæði skilyrði Matvælastofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili:

**1. Austurland:**

1.  $65^{\circ}05,40'N - 13^{\circ}20,00'V$
2.  $65^{\circ}05,40'N - 13^{\circ}40,00'V$
3.  $64^{\circ}42,00'N - 14^{\circ}00,00'V$
4.  $64^{\circ}42,00'N - 13^{\circ}40,00'V$
5.  $65^{\circ}05,40'N - 13^{\circ}20,00'V$

**2. Faxaflói:**

1.  $64^{\circ}06,00'N - 22^{\circ}18,00'V$
2.  $64^{\circ}06,00'N - 22^{\circ}49,20'V$
3.  $64^{\circ}21,00'N - 22^{\circ}49,20'V$
4.  $64^{\circ}21,00'N - 22^{\circ}18,00'V$
5.  $64^{\circ}06,60'N - 22^{\circ}18,00'V$

**3. Aðalvík:**

1.  $66^{\circ}21,00'N - 23^{\circ}03,00'V$
2.  $66^{\circ}21,00'N - 23^{\circ}15,00'V$
3.  $66^{\circ}25,80'N - 23^{\circ}15,00'V$
4.  $66^{\circ}25,80'N - 23^{\circ}03,00'V$
5.  $66^{\circ}21,00'N - 23^{\circ}03,00'V$

5. gr.

Á hrygningatíma sæbjúgna eru veiðar óheimilar, sem hér segir:

1. Frá 1. maí til og með 30. júní á svæði milli lína réttvísandi vestur frá Reykjanesvita ( $63^{\circ}48,00' N$  og  $22^{\circ}41,90' V$ ) og norður frá Skagatá ( $66^{\circ}07,20' N$  og  $20^{\circ}05,90' V$ ).
2. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi norður frá Skagatá ( $66^{\circ}07,20' N$  og  $20^{\circ}05,90' V$ ) og réttvísandi austur frá Glettinganesi ( $65^{\circ}30,50' N$  og  $13^{\circ}36,30' V$ ).
3. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi austur frá Glettinganesi ( $65^{\circ}30,50' N$  og  $13^{\circ}36,30' V$ ) og réttvísandi vestur frá Reykjanesvita ( $63^{\circ}48,00' N$  og  $22^{\circ}41,90' V$ ).

6. gr.

Auk skila á afladagbókum samkvæmt reglugerð nr. 557/2007 um afladagbækur skal skipstjóri senda Hafrannsóknastofnuninni vikulega, á mánudegi, upplýsingar um afla og veiðisvæði undanfarandi viku á því formi sem Hafrannsóknastofnunin ákveður.

7. gr.

Við vigtun og skráningu á sæbjúga gilda ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafa, með síðari breytingum. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 3. gr., við vigtun afla á hafnarvog.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til sæbjúgnaveiða, sem gefið er út með stoð í reglugerð þessari vegna brota gegn lögum eða reglugerð þessari. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til sæbjúgnaveiða.

8. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 795/2013 um veiðar á sæbjúgum.